

Alþingi
Erindi nr. P 140/952
komudagur 2.2.2012

Lögmenn

Valborg Kjartansdóttir hdl.
Magnús H. Magnússon hrl.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Tilv. yðar

Tilv. vor

Reykjavík, dags.
2.2.2012

Varðar: Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/1997, um
vörumerki, með síðari breytingum. Þingskjal nr. 296 - 269. mál

Undirrituð hefur starfað við vörumerkjarétt frá árinu 1985 og verið í stjórn FUVÉ frá 1989-2007. Ég kom að vinnu ofangreinds frumvarps í góðri samvinnu við iðnaðarráðuneytið og Einkaleyfastofuna á stjórnarsýslustigi. Frumvarpið hefur tekið ýmsum breytingum á meðan á vinnslu þess hefur staðið. Ég tel að það feli að mestu í sér réttmætar og tímabærar breytingar eins og til dæmis ákvæði um vonda trú.

Hér með geri ég eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið í þeirri mynd sem það er nú:

1. Hugsanleg villa og óvænt breyting á efni 12. gr. frumvarpsins frá þskj. 1162 - 654. mál sem lagt var fram á 139. löggjafarþingi

- a) Texti 12. gr. frumvarpsins (sem er breyting á 35. gr. vml.) hljóðar svo í ofangreindu þingskjali:

1. mgr. 35. gr. laganna orðast svo:

Eigandi vörumerkis sem ekki hefur lögheimili á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum skal hafa umboðsmann búsettan á einhverju framangreindra landsvæða.

Þarna hefði átt að standa „1. málsliður 1. mgr. 35. gr. laganna orðast svo“.

Núgildandi 1. mgr. 35. gr. vml. er orðuð þannig:

Eigandi vörumerkis, sem ekki hefur lögheimili hér á landi, skal hafa umboðsmann búsettan hérlendis. Umboðsmaðurinn skal hafa heimild eiganda merkis til þess að taka við stefnu af hans hálfu, svo og öðrum

Póstfang
Pósthólf 662
121 Reykjavík

Sími
551 1043

Bréfasími
562 2633

Tölvupóstfang
sigthor@sigthor.com

Heimilisfang
Lágmúli 7
108 Reykjavík

tilkynningum er merkið varða þannig að bindi eigandann. Nafn umboðsmanns og heimilisfang skal skráð í vörumerkjaskrá.

Einkaleyfastofan þarf að geta beint tilkynningum til umboðsmanns þannig að þær séu bindandi fyrir eigandann. Ákvæðið um heimild umboðsmanns til að taka við stefnu f.h. eiganda merkis er jafnframt mikilvægt þar sem erlendir eigendur skráðra vörumerkja eru með varnarþing í Reykjavík skv. 3. mgr. 35. gr. núgildandi vml. Við undirbúningsvinnu og á fundum þar sem frumvarpið hefur verið kynnt kom ekki fram að til staði að breyta seinni málsliðunum í nefndri 1. mgr. 35. gr. vml. eins og 12. gr. frumvarpsins felur í sér.

- b) Jafnframt er nú orðin óvænt og óskiljanleg efnisbreyting frá frumvarpi sem lagt var fram árið 2010, sbr. þskj. 1162 - 654. mál þar sem 12. gr. var réttilega orðuð þannig:

Í stað orðanna „skal hafa umboðsmann búsettan hérlandis“ í 1. mgr. 35. gr. laganna kemur: skal hafa umboðsmann búsettan á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.“

Þessi tillaga að breytingu á 35. gr. fullnægir skyldum okkar skv. EES samningnum var samþykkt eftir umræður við umsagnaraðila. Ástæða er til að halda henni óbreyttri þannig að 35. gr. hljóði svo:

Eigandi vörumerkis, sem ekki hefur lögheimili hér á landi, skal hafa umboðsmann búsettan á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum. Umboðsmaðurinn skal hafa heimild eiganda merkis til þess að taka við stefnu af hans hálfu, svo og öðrum tilkynningum er merkið varða þannig að bindi eigandann. Nafn umboðsmanns og heimilisfang skal skráð í vörumerkjaskrá.

2. Íslensk tunga

Breyting á skyldu erlendra aðila til að hafa umboðsmann hér á landi á rætur að rekja til aðildar Íslands að EES samningnum. Norðmenn hafa nýlokið vinnu við að móta ný vörumerkjalog. Báðar þjóðirnar eru aðilar að EES og lúta sömu skyldum samkvæmt samningnum. Vönduð undirbúningsvinna sem stóð yfir í sex ár í Noregi er gagnsæ og aðgengileg á Netinu og ég hef vísað í þær heimildir í erindum til stjórnvalda.

Norðmenn nefna m.a. að krafa um norsku sem samskiptatungumál gangi ekki gegn EES samningnum.

Óumdeilt er að sama niðurstaða skuli vera hér varðandi íslensku, sbr. ummæli Steingríms Sigfússonar þegar hann kynnti frumvarpið á Alþingi, umfjöllun í greinargerð og lög nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Skilyrði um íslensku er ekki aðeins til varnar tungunni heldur gætu samskipti á öðrum tungumálum aukið kostnað ríkissjóðs við vinnu vegna vörumerkja í eigu erlendra aðila. Fleiri rök mætti nefna en furðulegt er að krafa um íslensku sem samskiptatungumál skuli ekki vera tekin inn í lögin.

Vegna breytinga á 1. málslið 1. mgr. 35. gr. varðandi búsetu umboðsmanns er


Því rétt að bæta við svohljóðandi mgr. í 12. gr. frumvarpsins:

Einkaleyfastofan skal hafa samskipti við umsækjendur og eigendur vörumerkjaskráninga eða umboðsmenn þeirra á íslensku. Í undantekningartilvikum getur stofnunin tekið við skjölum á erlendum tungumálum, svo sem framsölum.

Auk þess yrði ákvæðið í samræmi við yfirlýst markmið stjórnvalda sem fram kemur í lögum nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Í 8. gr. laganna segir:

Íslenska er mál Alþingis, dómstóla, stjórnvalda, jafnt ríkis sem sveitarfélaga, skóla á öllum skólastigum og annarra stofnana sem hafa með höndum framkvæmdir og veita almannaþjónustu.

12. gr. frumvarpsins þarf að vinna betur.

Virðingarfyllt,

Valborg Kjartansdóttir, hdl.